

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/707****2015/EES/74/50****frá 30. apríl 2015**

um að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til *efirfarandi*:

- 1) Í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá Institut Technique de l'Agriculture Biologique 26. apríl 2013 um samþykki fyrir útdrætti úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni. Umsókninni fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu sína um viðkomandi efni fyrir framkvæmdastjórnina 12. júní 2014⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna ⁽³⁾ og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 20. mars 2015.
- 3) Gögnin sem umsækjandinn lagði fram sýna að útdráttur úr rót *Rheum officinale* uppfyllir ekki viðmiðanir fyrir matvæli eins og þau eru skilgreind í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002⁽⁴⁾.
- 4) Í tæknilegu skýrslunni voru tilgreind sértæk áhyggjuefni varðandi áhættu fyrir notendur, starfsmenn, vegfarendur, neytendur og lífverur utan markhóps.
- 5) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi rannsókn Matvælaöryggisstofnunarinnar og drögin að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 6) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 7) Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar þá notkun sem var rannsökuð og er lýst í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki útdrátt úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni.
- 8) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir útdrætti úr rót *Rheum officinale* sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 9) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 113, 1.5.2015, bls. 44. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 262/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for *Rheum officinale* and the conclusions drawn by EFSA on the specific points raised. (Niðurstöður samráðs aðildarríkjanna og Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um umsókn vegna grunnefnisins *Rheum officinale* og niðurstöður Matvælaöryggisstofnunarinnar um þá tilteknu þætti sem voru athugaðir.) 2014:EN-617. 31 bls.

⁽³⁾ http://ec.europa.eu/sanco_pesticides/public/?event=activesubstance.selection&language=EN

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31.2.2002, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ekki samþykkt sem grunnefni

Efnið útdráttur úr rót *Rheum officinale* er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
